

Eystrahorn

34. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 6. október 2022

www.eystrahorn.is

Starfstengt nám hjá Fræðslunetinu

Um þessar mundir eru tíu ár síðan að Fræðslunetið bauð í fyrsta sinn upp á nám fyrir félagsliða. Í þessum fyrsta hópi skráðu sig 12 þátttakendur. Námið var skipulagt til tveggja ára og kennt var tvisvar í viku. Eftir þetta fyrsta ár var komin góð reynsla á námsfyrirkomulagið og því fór Fræðslunetið af stað með sambærilegt nám fyrir starfsfólk leikskóla og haustið 2013 var í fyrsta sinn boðið upp á Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré. Síðan þá hafa báðar þessar námsbrautir verið vel sóttar og í heildina hafa 149 einstaklingar útskrifast úr náminu.

Námið er skipulagt í dreifnámi og í vendikennslu en það felur í sér að námsmenn hafa aðgang að fyrirlesturum sem þeir hlusta á þegar þeim hentar. Einu sinni í viku hittast þeir ásamt leiðbeinenda og ræða efni fyrirlestursins og vinna ýmis verkefni bæði einstaklingslega en líka í hópi. Þátttakendur koma víða að enda nær starfssvæði Fræðslunetsins frá Þorlákshöfn í vestri til Hafnar í Hornafirði í austri. Eins hefur það færst í



Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúar á útskriftardegi í júní 2022

vöxt að þátttakendur séu frá öðrum landsvæðum.

Umræðu- og verkefnatímarnir eru sendir út í gegnum samskiptaforritið Teams þannig að þátttakendur eru ýmist í starfsstöð Fræðslunetsins á Selfossi – Fjölheimum eða heima hjá sér. Á hverri önn eru kenndir þrír - fjórir áfangar og eingöngu einn áfangi í einu en það fyrirkomulag hefur hentað mjög vel. Námið nær

yfir tvö ár á Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrunni en yfir þrjú ár á Félagsliðabrunni. Fyrstu tvö árin er hægt að taka hjá Fræðslunetinu en seinni hlutann eingöngu í framhaldsskóla til þess að útskrifast sem félagsliði.

Í vetur eru 19 þátttakendur skráðir á Félagsliðabré og 29 þátttakendur á Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré. Þess má geta að stór hluti af

þessum þátttakendum tók þátt í raunfærnimati fyrir þessar námsbrautir í vor og fengu þó nokkuð af áföngunum í náminu metna. Frekari upplýsingar um brúarnámið og raunfærnimat er hægt að nálgast hjá náms- og starfsráðgjöfum Fræðslunetsins þeim Eydísí Kötlu, Söndru og Sólveigu.

*Eydís Katla Guðmundsdóttir
náms- og starfsráðgjafi og
verkefnastjóri með brúarnámi*

Hirðingjarnir gefa Björgunarsveitinni Kára í Örafum veglega gjöf

Þann 1. október síðastliðinn gaf nytjamarkaður Hirðingjanna peningagjöf að upphæð 1 milljón krónur til Björgunarsveitarinnar Kára í Örafum. Þetta er tíunda árið sem við erum með nytjamarkaðinn og af því tilefni ætlum við að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að vera með í þessari gjöf, þannig að gjöfin verði ennþá stærri til björgunarsveitarinnar. Frá og með 1. október og laugardagsins 8. október verður hægt að leggja frjálslög inn á bankareikning Hirðingjanna:

nr. 0133-26-006929
kt: 650722-1320.

Einnig er hægt að koma í nytjamarkaðinn fimmtudaginn 6. október milli kl. 16:30 og 18:30 og versla, eða ekki versla, og borga vel því innkoman þann dag fer í söfnunina.

Nytjamarkaður Hirðingjanna byrjar söfnunina með 100 þúsund króna framlagi auk þess sem hver starfsmaður gefur 1000 krónur, samtals 106 þúsund krónur. Klukkan 19:00 þann 8. október munum við birta lokatölur úr söfnuninni á Facebook síðu Hirðingjanna. Gerum þetta glæsilegt!

*Kveðja
Nytjamarkaður Hirðingjanna*



**Viðhorf íbúa Sveitarfélagsins
Hornafjarðar til staðsetningar
flugvallarins í Vatnsmýri.**
Skannaðu QR kóðan og taktu þátt í
könnuninni.



Við leitum að launafulltrúa

Skinney – Þinganes hf. óskar eftir að ráða launafulltrúa á skrifstofu með starfsstöð á Höfn í Hornafirði.

Helstu verkefni:

- Launavinnsla
- Viðhald jafnlaunakerfis
- Skráning upplýsinga í launakerfi
- Skil á gögnum til opinberra aðila
- Aðstoð við gerð starfslýsinga og ráðningasamninga
- Stuðningur og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna.
- Önnur tilfallandi verkefni innan skrifstofunnar

Hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Sjálfstæð, skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Navision er kostur
- Gott vald á töluðu og rituðu máli
- Góð enskukunnátta

Einstaklingar af öllum kynjum er hvattir til þess að sækja um.

Áhugasamir eru beðnir um að senda starfsumsókn í tölvupósti til Guðrúnar Ingólfsdóttur, guðrun@sth.is. Umsóknarfrestur er 21. október.

Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar um starfið hjá í síma 699-6103 (Guðrún).



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



BÍÓ – BÍÓ

SAMVERA föstudaginn 7. október

kl. 17:00. Í Ekru

Sýnd verður kvikmyndin **Grease** frá árinu 1978.

Má hafa með sér popp og kók. Mætum vel og höfum gaman saman.



Þakkir

Alúðarþakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ásu Finnsdóttur frá Sauðanesi.



Sérstakar þakkir til starfsfólks Skjólgarðs, félagsþjónustunnar og heimahjúkrunar fyrir alla alúðina.

*Eiríkur Sigurðsson, Vilborg Gunnlaugsdóttir
Þorgeir Sigurðsson, Arnborg Benediktsdóttir,
Hallfríður Finnborg Sigurðardóttir, Ólafur Ingimundarson
og fjölskyldur.*

Heilsan í fyrirrúmi

Úrval af rúmum og dýnum í mörgum stærðum og gerðum

Gjafir fyrir öll tækifæri



Húsgagnaaval
Húsgögn og gjafavörur

S: 478-2535 / 898-3664
Opíð virka daga kl.13-18



Frumherji


Bifreiðaskoðun á Höfn 17., 18. og 19. október.

Tímabantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 14. október.

Næsta skoðun 21., 22. og 23. nóvember.

Frumherji

Þegar vel er skoðað



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf. Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Ritsstjóri og Umbrot: Tjörvi Óskarsson
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson Prentun: Litlarent
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is ISSN 1670-4126



Meningarmiðstöð Hornafjarðar óskar eftir safnverði í 100% starf á Svavarssafni.

Meningarmiðstöð Hornafjarðar auglýsir stöðu safnvarðar lausa til umsóknar. Um fullt starf er að ræða og mun viðkomandi leiða starfsemi Svavarssafns. Sýningar Svavarssafns eiga að auka aðgengi og áhuga almennings að listum og stendur safnið fyrir fjölbreyttum sýningum.

Helstu verkefni

Leiða faglegt starf safnsins og daglegu umsjón þess.
Viðhalda yfirsýn með skráningu safnkosts og umsjón með safnageymslum.
Skipulagning og uppsetning sýninga.
Umsjón með sýningarsölum.
Samskipti við listamenn og sófn.
Gerð styrkumsókna.
Mótun og þátttaka í barnastarfi.

Hæfniskröfur

Menntun á sviði lista eða safnafræði æskileg.
Reynsla af sambærilegum störfum kostur.
Góðir skipulagshæfileikar og lipurð í samskiptum.
Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.
Kostur að viðkomandi hafi góða yfirsýn yfir starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðeigandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til og með 20. okt nk. Umsóknir sendist rafrænt á netfangið eyrunh@hornafjordur.is. Frekari upplýsingar um starfið veitir Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður í síma 470-8052 eða á eyrunh@hornafjordur.is

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.



Meningarmiðstöð Hornafjarðar Litlabrú 2 780 Höfn Sími 470-8050

Hvað er að fréttu af Menningarmiðstöð Hornafjarðar?

Er eitthvað af fréttu af Menningarmiðstöðinni? Þetta er spurning sem við fáum oft en fátt er um svör. Ef undanskilið er Listasafn Svavars Guðnasonar berast litlar fréttir af starfsemi þar.

En nú eru komnar fréttir sem við teljum að íbúar Hornafjarðar eigi rétt á að vita. Búið er að þvinga Auði Mikaeisdóttur, safnvörð í Svavarssafni, til uppsagnar með vægast sagt vafasömum hætti. Nokkrum dögum áður en þrjú mánuðir (lögbundinn uppsagnarfrestur) voru til þess að hún myndi snúa aftur úr fæðingarorlofi barst henni bréf þess efnis að búið væri að breyta vinnutíma hennar þannig að eftirleiðis ætti hún að vinna sem yfirseta á Svavarssafni frá kl. 15-17 á veturna og til kl. 18 á sumrin. Þetta væri ófrávikjanleg krafa og ekki hefði fengist fjárveiting fyrir auknu stöðugildi. Auður er með tvö börn undir 3 ára aldri í heimili og leikskólinn lokar kl.16 svo að uppsögn af hennar hálfu var þannig knúin fram.

Auður Mikaeisdóttir, sem er með MA próf í listfræði, auk MBA prófs, hefur staðið sig svo frábærlega í starfi sínu á Svavarssafni að eftir því hefur verið tekið í safna- og listheiminum. Hún hefur átt gjöfult samstarf við nafntogaða listamenn og stuðlað að uppsetningu sýninga sem geta talist litlu

listasafni á landsbyggðinni til framdráttar. Með faglegum áherslum og persónulegum metnaði hefur henni tekist að auka sýnileika safnsins og gera eftirsóknarvert fyrir myndlistarmenn.

Sé það rétt að ekki hafi fengist fjárveiting til að borga, t.d. skólanema, fyrir yfirsetu 2 tíma á dag á veturna, er það stórfurðulegt. Og varla þarf aukafjárveitingu til þar sem Menningarmiðstöðin hlýtur að hafa borð fyrir báru þar sem ráðnir hafa verið inn ódýrari starfsmenn fyrir þá sem hafa hætt á undanförunum mánuðum. Í starf skjalavarðar (sem ekki var auglýst) var ráðinn ungur starfsmaður með BA próf og er því á lægri launum en fyrrverandi skjalavörður. Bókavörður var ráðinn í hlutastarf, svo þar sparast líka fé.

Við leyfum okkur að efast um að nokkuð annað listasafni á Íslandi eða erlendis krefjist þess að listfræðimenntaður safnvörður starfi sem yfirseta á því safni sem viðkomandi stýrir. Það er deginum ljósara að á bak við þessa ráðstöfum liggur óvild og metnaðarleysi. Á Menningarmiðstöðinni hefur lengi ríkt þvingað andrúmsloft, sem einkennst hefur af tortryggni og tómlæti og öll gagnrýni verið eitruð í beinum stjórnenda, það hafa greinarhöfundar bæði reynt. Þá

hefur verið óskýrt hvernig starfsemi skuli háttað og illa séð þegar starfsmenn hafa sýnt of mikinn metnað og frumkvæði í sínum störfum. Fyrrverandi bókavörður, Gísli Magnússon, hraktist úr starfi vegna þessa.

Við teljum að bæjarbúar eigi rétt á að vita af þessum málum, líkt og þeir eiga rétt á ríkulegu menningarlífi. Spyrja má: Hver er stefna Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar í menningarmálum? Hver er sýn núverandi stjórnenda á framtíðina í þessum efnum.

Það er gríðarlegur missir af Auði Mikaeisdóttur úr starfi sínu í Listasafni Svavars Guðnasonar. Skömm þeirra sem um þetta véluðu er mikil.

Því má bæta við að nú hefur starf safnvarðar verið auglýst en í auglýsingunni hefur gleymst að taka fram að viðkomandi eigi að starfa sem yfirseta á sýningum með ósveigjanlegan vinnutíma.

Soffía Auður Birgisdóttir

Hugvísindamaður á Rannsóknasetri H.Í. á Hornafirði

Hlynur Pálmason

Kvikmyndagerðarmaður á Hornafirði.



Félag Harmonikuunnenda
á Hornafirði

Hagyrðingakvöld

Smyrlabjörgum

15. október 2022

Hagyrðingakvöld, matur, dansleikur og gisting á Hótel Smyrlabjörgum. Hljómsveitin Ekrubandið leikur fyrir dansi.

Matur og skemmtun kr. 10.000.-
Matur, skemmtun og gisting kr. 18.000.-
Matur hefst kl. 18:30 og hagyrðingamót kl. 20:15

Miðapantanir í síma 478-1074 / 893-6974

Félag Harmonikuunnenda Hornafirði

Hótel Smyrlabjörg





Alla leið á öruggari dekkjum



Cooper Discoverer Snow Claw

Hannað fyrir krefjandi vetraraðstæður
Mjúk gúmmiblanda fyrir hámarksafköst
við lágt hitastig
Afburðagott grip, neglanlegt
SWR og 3PMS merking

N1

Vefverslun

Skoðaðu úrvalið
og skráðu þitt
fyrirtæki



Cooper Weather-Master WSC

Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður
Mikið skorið og stefnuvirkt mynstur
fyrir jeppa og jepplinga
Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar



Cooper Discoverer Winter

Míkróskorin óneglanleg vetrardekk
Afburða veggrip og stutt
hemlunarvegalengd
Mjúk í akstri með góða vatnslosun

Notaðu
N1 kortið ...



Verslun N1
Vesturbraut 1, Höfn, 478 1940

N1

ALLA LEIÐ